

Hverfisnefnd Naustahverfis

11. fundur haldinn á Naustatjörn 8. september 2008.

Mættir voru Ólöf Inga Andréadóttir, Hrafnhildur E. Karlsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Bjarni Sigurðsson og Ásdís Birgisdóttir. Sigurður Sveinn Ingólfsson mætti síðar.

Ræddum skipulagsmál og fórum yfir loftmynd af Naustahverfi. Hrafnhildur fór yfir hvað hafði komið fram á fundi hennar með Helga Má Pálssyni og Jóni Birgi Guðmundssyni (sjá punkta frá Hrafnhildi).

Útbjuggum forganglista um hvað nefndin óskar eftir að sett verði á fjárhagsáætlun framkvæmdadeildar næsta árs (sjá bréf til framkvæmdadeildar).

Farið yfir punkta frá samráðsfundi hverfisnefnda. Þrír fulltrúar verða frá hverfisnefndum í bænum. Nauðsynlegt að fá á hreint hvert hlutverk hverfisnefnda á að vera og vægi þeirra í ákvörðunum bæjarins.

Ólöf og Björk munu óska eftir fundi með Gunnari Gíslasyni, fræðslustjóra um Naustaskóla. Farið er fram á svör við spurningum s.s. eins og hvaða bekkir það verði sem byrji í skólanum og ýmislegt fleira um skipulag skólans.

Fleira var ekki á dagskrá og fundi slitið.